

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sandgerði, 16. nóvember 2018

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til þingsályktunar á skilgreiningu auðlinda, 55. mál.

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 2. nóvember sl. þar sem náttúrustofum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til þingsályktunar á skilgreiningu auðlinda.

Samtök náttúrustofa (SNS) fagna þingsályktunartillögu um skilgreiningu náttúrauðlinda Íslands og telja mikilvægt að farið verði ígrundað í þessa vinnu og samræmd stefna verði mótuð á stjórn og nýtingu náttúruauðlinda.

SNS taka undir mikilvægi þess að sérfræðingar með breiðan grunn séu valdir til flokkunar og skilgreiningar á því hverjar auðlindir landsins eru.

Gæta ber þess við skilgreiningu auðlinda að ekki verði gerður tæmandi listi yfir auðlindir landsins þar sem áður óþekktar auðlindir kunna enn að finnast.

Virðingarfyllt, f.h. Samtaka náttúrustofa

Sindri Gíslason

Sindri Gíslason, formaður SNS
